

**6. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2017, haldinn 31. október 2017 í Flúðaskóla kl. 13:00. 18. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Vigdís Furuseð, Jón Bjarnason, Ásmundur Lárusson, Bjarni Másson, varamaður Ingvars Hjálmarssonar, Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Margrét Larsen, fulltrúi kennara og Harpa Vignisdóttir, fulltrúi skólaráðs.

**Dagskrá:**

- 1. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2018**
- 2. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

**1. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2018**

Guðrún fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá Flúðaskóla fyrir árið 2018, þ.e. skólann, mötuneytið og skólaselið. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði tæpar 224 milljónir. Gert er ráð fyrir að einingaverð á mat í mötuneyti hækki úr 350 kr. í 360 kr., hressing úr 75 kr. í 77 kr., vistun í skólaseli hækki úr 317 kr./klst. í 326 kr./klst. og síðdegishressing í skólaseli úr 114 kr. í 117 kr. Matur fyrir starfsfólk hækkar úr 350 kr. í 360 kr. og matur fyrir Heimaland og aðra hækkar úr 575 kr. í 600 kr. Skólanefnd samþykkir tillöguna.

**2. Önnur mál**

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 13:57